

19

13. júní

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

20

13. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr 78, 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

1. gr. laga nr. 35 1. febrúar 1936 verði svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr., og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljónum kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar